

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 10. mars 2025  
UOS2501638/K.B.B.  
13.04.02

## **Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi vegna nýs athafna- og hafnarsvæðis á jörðinni Galtarlæk í Hvalfjarðarsveit.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst þann 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi fyrir jörðina Galtarlæk.

Í greinagerð með lýsingu kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að um 80 ha skipulagssvæði jarðarinnar Galtalækjar verði breytt frá skipulögðu landbúnaðarlandi í athafna- og hafnarsvæði. Gert er ráð fyrir nýrri höfn með 1000 m viðlegukanti sem muni þjónusta flutningaskipum og skemmtiferðaskipum. Fyrirhugað er að á svæðinu verði starfsemi sem hýsi vörugeymslur, geymslusvæði, léttan iðnað og ýmiss konar þjónustusvæði, t.d. vegna hafnsækinnar starfsemi.

### **Landfylling/Varp í haf**

Í skipulagslýsingu kemur fram að í framkvæmdinni felist meðal annars gerð 1000 m langs hafnarkants. Áætlað magn fyllingarefna frá landi að hafnarkanti er um 1,5 milljónir rúmmetrar. Fram kemur að reiknað hefur verið út gróflega að flutningur jarðefna innan jarðar vegna lóðagerðar, landmótunar og gatna verði um 2 milljónir rúmmetra. Áætlað hefur verið að hægt verði að vinna allt þetta efni innan jarðarinnar sjálfrar.

Vinnsla jarðefna (efnistaka) er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti sbr. 112 tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ef gert er ráð fyrir *opinni*<sup>1</sup> landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfis og orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfis- og orkustofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

---

<sup>1</sup> Opin landfylling: Nýmyndun lands, ekki varin eða er að hluta varin með varnargörðum. Efni liggur á hafsbotni að einhverju leyti óvarið fyrir straumum og flæði sjávar og aðgengilegt lífverum.

- dýpkunarefnum,
- náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfis- og orkustofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis áður en framkvæmdir hefjast.

### Lög um stjórn vatnamála

Í skipulagslýsingunni er fjallað um vatnaáætlun og tengsl hennar við framkvæmdina. Jafnframt er fjallað um þau vatnshlot sem framkvæmdin nær til og hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á þau. Vill Umhverfis- og orkustofnun benda á að öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og þau markmið eru lagalega bindandi. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota má ekki rýrna hvorki tímabundið né varanlega, nema að undanþága hafi sérstaklega verið veitt fyrir því. Hægt er að nálgast upplýsingar um vatnshlot á vefnum <https://vatnavefsja.vedur.is/>.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlot að liggja fyrir. Í áhrifamatinu eru áhrif framkvæmdarinnar á lögbundin umhverfismarkmið framkvæmdarinnar metin. Meta þarf þá vistfræðilega, eðlis- og eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðapætti sem liggja til grundvallar vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatnshlota. Í tilfalli grunnvatnshlota þarf að meta áhrif framkvæmdar á magnstöðu vatnshlotsins ásamt efnafræðilegu ástandi þess. Ef að framkvæmd hefur þau áhrif á ástand vatnshlots rýrnar má ekki gefa út leyfi fyrir framkvæmdinni, nema að undanþága hafi verið veitt fyrir slíku. Mikilvægt er að áhrifamat fyrir vatnshlot liggja fyrir snemma í undirbúningsferli framkvæmda. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig skuli bera sig að við gerð áhrifamats. Þær leiðbeiningar má nálgast á slóðinni: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>.

### Samlegðaráhrif

Mikilvægt er að fjalla verði um möguleg samlegðaráhrif af framkvæmdum sem skipulagsbreytingin nær til með mengandi starfsemi sem nú þegar er skipulögð á svæðinu.

### Loftslag

Fjalla þarf almennt um og meta þau áhrif sem framkvæmdirnar munu koma til með að hafa á loftslag. Meðal annars þarf að fjalla um losun vegna efnistöku en rask á jarðvegi getur haft mikil áhrif á losun kolefnis út í andrúmsloftið.

### **Skipulagsáætlanir**

Í greinagerð er vísað til *Landskipulagsstefnu 2024-2038* varðandi verndun landbúnaðarlands. Land Galtarlækjar lendir að mestu í flokki L2, sem er skilgreint sem gott landbúnaðarland. Í *Landskipulagsstefna 2024-2038* kemur fram að við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar. Í gildandi Aðalskipulagi Hvalfjarðarbyggðar kemur auk þess fram í *Stefnu um landbúnað (L), kafli 2.1* að gott landbúnaðarland verður verndað.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að ef áformað er að víkja frá viðkomandi ákvæðum í skipulagsáætlunum þarf að færa fyrir því fullnægjandi rök.

Virðingarfyllt,

Kristín Björk Birgisdóttir  
***sérfræðingur***

Katrín Sóley Bjarnadóttir  
***sérfræðingur***